

Nefndarsvið Alþingis.

Umhverfis og samgöngunefnd.

Umsögn stjórnar Veiðifélags Þjórsár um 89. þingmál um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár telur sig ekki hafa vísindaleg gögn til að leggja fram til grundvallar á mati um vernd eða nýtingu landssvæða. Varðandi hugmyndir um virkjun neðri hluta Þjórsár gerir stjórn Veiðifélags Þjórsár alvarlegar athugasemdir við hvernig umræða hefur verið um rannsóknir og nýtingu í og við Þjórsá. Í þeirri umræðu er Landsvirkjun leiðandi aðili, rannsakandi og væntanlegur notandi auðlindarinnar.

Að mati stjórnar Veiðifélags Þjórsár vantar mikið á að fyrirbyggjandi rannsóknir séu fullnægjandi um ýmis grundvallaratriði.

Eitt þeirra er varðandi stofngerðir og stærðir þeirra og langtíma sveiflur þeirra af náttúrulegum ástæðum. Í því sambandi er bent á bókun aðalfundar félagsins frá 3.apríl sl.:

**Ályktun aðalfundar Veiðifélags Þjórsár, haldinn að Laugarlandi í Holtum 3. Apríl 2012:**

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár fagnar framkomnum breytingum á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda að því er varðar Þjórsá.

Þrátt fyrir rannsóknir á lífríki Þjórsár frá árinu 2001, er Landsvirkjun fékk Veiðimálastofnun til samstarfs við undirbúning virkjana í Þjórsá, hafa vísindamenn ekki vitneskju um stofnstærð sjógöngusilungs eða lax í ánni.

Vegna villandi umræðu um rannsóknir á lífríki Þjórsár skorar fundurinn á Veiðimálastofnun að sjá til þess að gerð verði stofnstærðarmæling á sjógöngufiski í ánni. Það er mat aðalfundar Veiðifélags Þjórsár að stofnstærðarmæling eigi að vera fyrsta skref ef rannsaka á lífríki árinna frekar.

Aðalfundurinn telur að stofnstærðarmæling sé grundvallaratriði. Vitneskja um stærðir fiskstofna í ánni þurfa að liggja fyrir áður en mögulegt er að áætla á hvern hátt eigi að vernda lífríki árinna komi til mannvirkjagerðar í og við ána. Fyrir en stofnstærðir liggja fyrir er hvorki hægt að segja til um fæðu- og búsvæðapörf né hve umfangsmiklar mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í.

Ógerlegt er að meta tjón á óþekktum stærð fiskstofna.

Samskipti Landsvirkjunar við Veiðifélag Þjórsár eru nánast engin en stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur vakið athygli fyrirtækisins á hlutverki sínu.

Ekki hafa verið lögð fyrir stjórn veiðifélagsins vísindalega unnin gögn óháðra aðila, sem gefi til kynna að lausnir séu fundnar á virkjun árinna án hættu fyrir lífríki árinna. Telur stjórn veiðifélagsins rétt að fram komi hver er saga samstarfs félagsins og Landsvirkjunar, hver eru helstu vafaatriði við lausnir Landsvirkjunar eins og þær hafa verið kynntar opinberlega, hverjir ágallar eru á starfsemi Veiðimálastofnunar sem helsta ráðgjafa Landsvirkjunar og hverjar eru kröfur eigenda veiðiréttar.

## **1. Samskipti Landsvirkjunar við Veiðifélag Þjórsár.**

Stjórn Veiðifélags Þjórsár sendi Landsvirkjun bréf 8. mars, 2010 þar sem óánægju stjórnarinnar með samskipti var lýst. *Fylgiskjal*

1. Engin viðbrögð komu frá Landsvirkjun.

Stjórn Veiðfélags Þjórsár sendi Landsvirkjun bréf 28. Janúar, 2011 með ósk um upplýsingar. *Fylgiskjal 2.* 28.02.2011 svaraði Landsvirkjun spurningunum í bréfi til Veiðfélags Þjórsár. Svörin vöktu fleirri spurningar en þau svöruðu.

Stjórn Veiðfélags Þjórsár sendi Landsvirkjun bréf 1. desember, 2011. *Fylgiskjal 3.* Ekkert svar barst.

## **2. Afstaða Veiðfélags Þjórsár til hugsanlegra framkvæmda Landsvirkjunar.**

Stjórn Veiðfélags Þjórsár hefur efasemdir um að mögulegt sé að bjarga fiskstofnum Þjórsár verði virkjað í neðri hluta árinna. Mótvægisáðgerðir þær sem Landsvirkjun hefur kynnt eru ekki líklegar til árangurs. Efasemdum sínum hefur stjórn veiðfélagsins komið á framfæri í umsögn um rammaáætlun, *fylgiskjal 4*, 9. Nóvember 2011 og umsögn Veiðfélags Þjórsár um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, *fylgiskjal 5*, 2. maí, 2012. Í þessum umsögnum kemur fram á hvern hátt Landsvirkjun hefur hundsáð Veiðfélag Þjórsár, hverjar efasemdir veiðfélagsins eru um hugsanlegar áðgerðir í ánni og krafa um raunhæfar langtíma rannsóknir og í framhaldi þeirra vísindalegar, fullmótaðar lausnir sem öruggt er að hafi ekki áhrif á núverandi lífríki árinna. Þá hefur stjórn Veiðfélags Þjórsár gert athugasemdir við starfsemi Veiðimálastofnunar en stofnuinni hefur aldrei hafið starfsemi á þann hátt sem lög nr 59/2006 segja til um, *fylgiskjal 6*.

Eins og áður segir hefur Landsvirkjun sniðgengið Veiðifélag Þjórsár algjörlega.

Mat stjórnar Veiðifélags Þjórsár er að niðurstöður langtíma-rannsókna óháðra aðila þurfi að liggja fyrir um eftirtalda þætti áður en mögulegt er að útfæra lausnir til bjargar lífríkis árinna:

- a. Stofnstærðum og sveiflum í stærð þeirra milli ára.
- b. Göngu fiska.
- c. Hryggningasvæðum.
- d. Fæðu og uppeldisskilyrðum.

Verði ákveðið að ráðast í virkjun árinna þarf Veiðifélag Þjórsár að vera aðili að undirbúningi framkvæmda ásamt nauðsynlegum viðbótarránsknum óháðra vísindamanna á:

- e. Rennslisbreytingum og útskolun lóna, áhrif og afleiðingar.
- f. Áhrif á vistkerfi.
- g. Viðbragðsáætlun.

Tryggt þarf að vera að allt árið sé jafnt vatnsmagn í núverandi farvegum, og öðrum þeim farvegum sem fiskur gengur um, nægjanlegt til göngu, hryggningar og uppeldis. Einnig að ekki eigi sér stað flóð í ánni sem afleiðing af starfsem virkjana.

Sýna þarf fram á með óyggjandi hætti að ekki verði afföll seiða í lónum og að seiðaveitur muni virka með fullu öryggi þannig að seiði komist fram hjá virkjunum og til sjávar.

Áður en framkvæmdir hefjast verði búið að rannsaka sveiflur á stærð fiskstofna í ánni, breytingar á lífsskilyrðum milli ára, hverju þarf að breyta í farvegum neðan við stíflur og að tryggt verði að þær aðgerðir verði framkvæmdar á vel völdum tíma með tilliti til gönguhegðunar sjóbirtings og laxs.

Ekki verði hleypt botnfalli úr lónum út í farvegi neðan við stíflur.

Landsvirkjun greiði fyrir Veiðifélag Þjórsár kostnað sérfræðivinnu sem veiðifélagið þarf að fá unna til að yfirfara hönnunargögn og fyrirliggjandi upplýsingar er lúta að lífríki Þjórsár, ásamt viðbótarrannsóknum.

Komi til þess að virkjað verði í neðri Þjórsá skulu Veiðifélag Þjórsár og Landsvirkjun hafa með sér náðið samstarf um rannsóknir og eftirlit með lífríki árinna. Gerður verður samstarfssamningur milli aðila. Kostnaður allur falli á Landsvirkjun.

8. nóvember, 2012

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Þjórsár,

Oddur Guðni Bjarnason \_\_\_\_\_

Formaður Veiðifélags Þjórsár

## ***Fylgiskjal 1***

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68

103 Reykjavík

B.t. þess er málið varðar.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár ákvað á fundi sínum sl. mánudag, 1. mars að vekja athygli stjórnenda Landsvirkjuna á að ekki hefur verið haft sambandi við félagið á neinum stigum varðandi hugmyndir fyrirtækisins um virkjun Þjórsár.

Í stjórn Veiðifélags Þjórsár eru: Oddur Bjarnason Stöðulfelli formaður, Jón Árni Vignisson Skálmholti gjaldkeri, Einar Haraldsson Urriðafossi ritari, Albert Sigurjónsson Sandbakka, Daníel Magnússon Akbraut, Ísleifur Jónasson Kálfholti og Sveinn Sigurjónsson Galtalæk.

Er það ósk stjórnar Veiðifélags Þjórsár að Landsvirkjun virði félagið og hlutverk þess samkvæmt lögum nr 61/2006 um lax og silungsveiði, en meðal hlutverka veiðifélaga samkvæmt nefndum lögum er að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna.

Stöðulfelli 8. Mars, 2010

Oddur Bjarnason formaður

## Fylgiskjal 2

Landsvirkjun

Hr. Hörður Arnarson

Háaleitisbraut 68

Veiðifélag Þjórsár hefur starfað í yfir 40 ár. Félagsmenn eru eigendur lands og veiðiréttar í og við Þjórsá. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna þeirra.

Landsvirkjun hefur sl. 11 ár unnið að hönnun vatnsaflsvirkjana í Þjórsá.

Ekki verður séð í bókum Veiðifélags Þjórsár að Landsvirkjun hafa séð ástæðu til að upplýsa félagsmenn Veiðifélags Þjórsár um neitt það sem fyrirtækið hefur í hyggju að framkvæma í ánni.

Eins og segir í samþykktum Veiðifélags Þjórsár er hlutverk félagsins:

*Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.*

*Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.*

Núverandi stjórn Veiðifélags Þjórsár kom saman til fundar 11. nóvember sl.

Þar var rætt um virkjanaáform Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsá.

Stjórnarmenn telja nauðsynlegt að fyrir næsta aðfund Veiðifélagsins, 31. mars nk. verði fengnar ítarlegar upplýsingar um á hvern hátt Landsvirkjun hyggst tryggja lífríki í Þjórsá komi til þess að hugmyndir fyrirtækisins um virkjanir í Þjórsá verði framkvæmdar.

Hér koma fram spurningar sem stjórn Veiðifélags Þjórsár óskar eftir að fá ítarleg svör við. Spurningar þessar eiga við um allt vatnasvið Þjórsár frá Búrfellsvirkjun til sjávar og snúa að þeim breytingum á Þjórsá frá því sem nú er vegna þriggja fyrirhugaðar virkjanir þ.e. Urriðafossvirkjunar, Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar .

Það er stjórn Veiðifélags Þjórsár sem ber fram þessar spurningar og hafa þær verið færðar í bækur félagsins. Stjórn Veiðifélags Þjórsár fer fram á að svör verði send formanni félagsins, Oddi Bjarnasyni, Stöðulfelli, 801 Selfoss, eigi síðar en 28. febrúar, 2011.

## **1. Fiskgöngur.**

- a. Hverjar verða breytingar á núverandi farvegum Þjórsár?  
Óskað er eftir skriflegum og myndrænum lýsingum.**
- b. Á hvern hátt verður laxi og silungi tryggð gönguleið um Þjórsá?**
- c. Verður fiskum tryggðir óbreyttir möguleikar á að ganga upp og niður Þjórsá ?**
- d. Verður það háð stýringu á vatni eða öðrum þáttum unnum af rekstraraðila virkjana hvernig fiski mun vegna í ánni komi til þess að Þjórsá verði virkjuð og rekstur virkjana hefur hafist?**
- e. Nefna allar fyrirstöður, hvar breytingar frá núverandi vatnshæð verða, hvar grafið verður eða dælt upp úr farvegi, hvar dýpt farvegs verður aukinn, hver verður útbreiðsla lóna?**
- f. Munu hindranir af völdum fyrirhugaðra virkjana tefja uppgöngu fiska sem verða þá síðar í hliðarám Þjórsár en nú er?**
- g. Óskað er eftir lýsingu á leið laxfiska frá því komið er að útrásaropi frárennslisgangna Urriðafossvirkjunar og þar til hann hefur komist á hrygningsvæði ofan allra fyrirhugaðra virkjana.**



## **h. Upplýsingar óskast um hvar farvegur árinna verður ósnertur með óbreyttu vatnsborði frá því sem nú er.**

*Laxgengd í Þjósa hefur farið vaxandi síðustu ár og horfur á að hún geti aukist enn á næstu árum. Án mótvægisáðgerða munu stíflur, lón og rennislístryng samfara fyrirhuguðum virkjunum, hafa umtalsverð áhrif á lífríki Þjórsár og hliðaráa.*

*Til þess að minnka áhrifin er afar mikilvægt að þær áðgerðir sem notaðar verða virki á þann hátt sem ætlast er til. Tryggja þarf fiskgöngur upp ána með fiskvegum framhjá eða yfir stíflur. Fyrirhugaðar virkjanir koma til með að breyta rennslí árinna og þar sem vatn er leitt til virkjana verða farvegir með skertu rennslí neðan við stíflur.*

*Veiðimálastofnun hefur bent á mikilvægi þess að vatnsrennslí verði haldið eins stöðugu og kostur er og að tryggt verði ákveðið lágmarksrennslí í þessum farvegum til að tryggja að þar verði uppeldi seiða og til að geiða farleið fiska.*

## **2. Hrygning og uppeldisskilyrði seiða.**

- a. Hvernig verða seiðum tryggð jafngóð skilyrði til uppvaxtar með tilkomu virkjana í neðri Þjórsá og nú eru í ánni?**
- b. Hvernig munu fiskseiði, lax og silungs, komast um í ánni? Lýsing óskast á því hvernig laxaseiðin komast frá klakstöðvum sínum, niður um ána og þar til þau eru komin niður fyrir útrásarop frárennslisgangna Urriðafossvirkjunar.**
- c. Hvernig verður tryggt að rekstur virkjana með útskolun lóna, uppdælingu jarðefna eða aðrar framkvæmdir í vatnsveginum hafi ekki eyðandi áhrif á hrogn og seiði eða fæðudýr þeirra?**
- d. Má reikna með að bleikja og urriði fjölgi sér frekar en lax með tilkomu lóna?**

*31% af uppeldissvæðum laxa á náttúrulega laxgengum svæðum eru talin fara undir lón. Veiðimálastofnun hefur bent á mikilvægi þess að halda stöðugu vatnsrennslí í farvegum sem annars myndu þorna. Slíkt ástand getur skapast neðan við fyrirhugaðar stíflur. Út frá uppeldi er þetta sérlega mikilvægt í farveginum neðan Búða að fyrirhuguðu lóni ofan Urriðafossvirkjunar. Bent hefur verið á að þetta yrði best gert með því að hleypa umframvatni vegna Holtavirkjunar um Árneskvísl í stað*

*Þess að það fari niður hjá Búða. Þar eru ein bestu uppeldissvæði árinna og mikilvægt er að viðhalda þar seiðaframleiðslu. Einnig þarf að tryggja svipað rennsli og nú er í kvíslinni sem rennur hjá Murneyrum á Skeðum enda þar afar mikilvæg uppeldissvæði seiða. Seiði sem sem lenda í lónum verða fyrir afföllum af völdum fiska, fugla og túrbínuhjóna. Leiða þarf fisk sem er á göngu til sjávar fram hjá intakslónum og virkjunum. Landsvirkjun þarf að sýna fram á að mögulegt sé að tryggja seiðum lífvænlegt umhverfi í ánni. Nauðsynlegt er að tryggt sé að ekki fari niður Þjórsá jarðefni umfram það sem fer með eðlilegu vatnsrennsli. Útskolun lóna er óæskileg fyrir lífríki Þjórsár. Þegar jarðefnum sem annars hefðu skilað sér niður farveginn jafnt og þétt, er safnað saman í marga mánuði og þau send niður í einni gusu drepast hrogn og seiði. Einnig hefur þetta slæm áhrif á uppgöngu lax úr sjó eins og allt líf í ánni.*

- 3. Hefur Landsvirkjun látið hana seiðaveitur í Þjórsá og meta mögulegan árangur þeirra?**
- 4. Eru til seiðaveitur í jökulfljótum, sambærilegum Þjórsá, þar sem vatnsmagn er síbreytilegt og yfirborðið leggur?**
- 5. Hafi Landsvirkjun í hyggju að setja seiðaveitu í Þjórsá, hvernig verður seiðaveitunni fyrir komið, hvar staðsett og hvernig haldið virkri þannig að ís, framburður og flóð skemmi hana ekki?**

*Úr fréttabréfi Landsvirkjunar um virkjanir í Þjórsá 19.mai, 2008*

*Til að forða seiðum og niðurgöngufiski frá skaða og fjörtjóni ef þeir lentu í hverflum virkjananna er gert ráð fyrir sérstökum mannvirkjum, seiðafleytum, við Urriðafossvirkjun og í Búða ofan við Holtavirkjun. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um slíkt mannvirki í Hvammsvirkjun sem er efsta virkjunin og á svæði sem ekki var náttúrulega fært göngufiski. Stúðst er við þær bestu fáanlegu lausnir sem til eru. Mikil vinna hefur verið lögð í að leita þeirra lausna og fá upplýsingar um reynslu af slíkum lausnum erlendis og staðfæra þær að íslenskum aðstæðum.*

*Mestu skiptir að vel takist til við Urriðafoss en sú virkjun er neðst en ofan hennar er 88 % af búsvæðum vatnakerfisins. Fall virkjunarinnar er einnig það mikið (42 m) að mikil*

*afföll yrðu á seiðum ef þau færu virkjanaleiðina. Þegar hefur seiðafleyta við Urriðafoss verið grunnhönnuð, en eftir er að gera ákveðin próf á henni með straumfræðilíkönum. .*

- 6. Hver yfirfer og metur með tilliti til skilvirkni, gagnsemi og öryggis, hugmyndir Landsvirkjunar á lausnum tengdum fiskum, göngum þeirra um ána og fæðu?**
- 7. Hver mun ábyrgjast fyrir upphaf fyrirhugaðra framkvæmda við virkjun neðri Þjórsár að lausnir tengdar fiskilífi í ánni virki?**
- 8. Er mögulegt að Landsvirkjun ráðist í gerð virkjana í neðri Þjórsá án fullvissu um að mannvirkin skaði ekki silungs- og laxfiska árinna ?**
- 9. Getur Landsvirkjun ábyrgst að rennslissveiflur eins og þær sem urðu af völdum fyrirtækisins sl. sumar endurtaki sig ekki?**

**Stöðulfelli 28. Janúar, 2011.**

**F.h. Veiðifélags Þjórsár,**

---

*formaður*

## Fylgiskjal 3.

Landsvirkjun,  
Hörður Arnarson forstjóri,  
Háaleitisbraut 68,  
103 Reykjavík.

Stöðulfelli, 1. desember, 2011

### Efni: Fyrirætlanir um uppkaup á veiðirétti.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur falið mér að senda erindi þetta. Tilfni þess er að á heimasíðu Landsvirkjunar nú í október sl. og í fyrirlestri Helga Jóhannssonar á opnum fundi í Háskólabíói 3. nóvember sl. kom fram að ætlan Landsvirkjunar væri að kaupa, með nánar tilgreindum hætti, upp veiðirétt landeigenda þeirra jarða sem land eiga að Þjórsá.

Stjórn Veiðifélagsins fýsir að vita hvernig þér, sem forstjóri Landsvirkjunar, sjáið fyrir yður þau uppkaup, og þá sérstaklega í því ljósi að í 9. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði er sérstaklega mælt fyrir um að ekki megi skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma. Hefur regla þessi verið í lögum allt frá því að vatnalög voru sett árið 1923.

Þess er óskað svör við fyrirspurn þessari verði send hið allra fyrsta.

Virðingarfyllt,  
f.h. Veiðifélags Þjórsár,

Oddur Bjarnason  
formaður

## Fylgiskjal 4

Athugasemdir vegna þingsályktunar lðnaðarráðuneytisins um vernd og nýtingu orkuauðlinda, Rammaáætlun.

Veiðifélag Þjórsár gerir alvarlegar athugasemdir við að neðri hluti Þjórsár skuli vera sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og gerir kröfu um að Þjórsá verði færð í biðflokk.

Veiðifélag Þjórsár var stofnað árið 1972. Frá því að undirbúningur umhverfismats við virkjanir í neðri hluta Þjórsár hófst árið 1999 til dagsins í dag hafa hvorki Landsvirkjun né Veiðimálastofnun sett sig í samband við veiðifélagið vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Á þessum árum var umhverfismatið gert án nokkurs samráðs við veiðifélagið sem teljast má mjög sérstök framkoma við hagsmunafélag landeigenda, en um 160 jarðir liggja að vatnasviði Þjórsár og eiga þessar jarðir og eigendur þeirra verulegra hagsmuna að gæta. Enn þann dag í dag hafa hvorki Landvirkjun né Veiðimálastofnun séð tilefni til að óska eftir áliti frá veiðifélaginu.

Í janúar 2011 sendi stjórn veiðifélags Þjórsár Landsvirkjun nokkrar skriflegar spurningar um stöðu mála vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Þjórsá, svör bárust en eru þannig að þau kalla eftir enn frekari svörum, sjá fylgiskjal, og er stjórnin að vinna úr því efni.

Það er krafa veiðifélagsins að fá að vera vel upplýst um alla framkvæmdabætti í svo stóru verki sem þrjár stórar virkjanir í neðri hluta Þjórsár hljóta að vera. Mörgum spurningum er ósvarað sem nauðsynlegt er að svara landeigendum og veiðiréttarhöfum áður en lagt er af stað í framkvæmdir af þessari stærðargráðu. Hagsmunir eru miklir hjá öllum.

Vegna áhrifa á Þjórsá af völdum framkvæmda Landsvirkjunar við Búrfell og Hrauneyjafoss á sínum tíma var byggður laxastigi í fossinn Búða árið 1991. Ofan Búða eru góð skilyrði fyrir klak og búsvæði með góðum botni og fæðu fyrir seiðin. Laxinn hryggur nú á nýjum svæðum fyrir ofan Búða og hefur fiskgengd farið vaxandi undanfarin ár, bæði í Þjórsá og þverám hennar svo sem Minnivallarlæk, Þverá, Sandá/Hvammsá og Fossá.

Með virkjun neðri hluta Þjórsár verður öllum fiskgengum svæðum ógnað. Óljóst er hvernig þessum svæðum verður bjargað. Áhyggjur Veiðifélags Þjórsár beinast að því hvernig fiski gengur að komast upp ána, hvernig klaki í ánni vegnar, á hverju lifir fiskurinn og hvernig eiga seiðin að komast ósködduð í gegnum eða framhjá virkjununum. Þetta eru grundvallarspurningar sem Landsvirkjun getur ekki svarað á trúverðugan hátt.

Við allar virkjanirnar þrjár, það er Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun verður vatnsmagn árinna fært úr núverandi vatnsmagni í það að renna í farvegi með

einungis 10-15m<sup>3</sup>/sek rennsli mestan hluta ársins eftir virkjanir en núverandi meðal rennsli Þjórsár er um 340 m<sup>3</sup>/sek.

Áætlun Landsvirkjunar er að koma upp „seiðaveitum“ sem ekki hafa verið reyndar í íslenskum jökulám. Þar sem seiðaveitur eru í ám erlendis telst til undantekninga ef virkni þeirra er ásættanleg. Í umhverfismatskýrslu Urriðafossvirkjunar bls. 8, kafli

1.5.5.1 segir: *“Í tillögu að matsáætlun var lagt til að skoðuð yrðu áhrif mismunandi hverfla á niðurgöngufisk. Þau áhrif eru í sjálfu sér þekkt, en frekari skoðun á aðstæðum við fyrirhugaða Urriðafossvirkjun leiddi í ljós að gerð hverfla skiptir í þessu tilviki litlu máli hvað niðurgöngufisk varðar. Ástæða þess er sú að við þá fallhæð sem hér er verið að nýta, má búast við miklum afföllum vegna þrýstingsbreytinga og því hefur öll áhersla verið lögð á að seiði og eftir atvikum annar niðurgöngufiskur, fari framhjá virkjun og ekki í gegn um vélar hennar”.*

Í erindi Helga Jóhannssonar fulltrúa Landsvirkjunar á fundi um laxfiska í Þjórsá sem haldinn var í Háskólabíói 3. nóvember sl. kom fram að Landsvirkjun heldur fram þeirri kenningu að vélar af Kaplan gerð auki lífslíkur fiska sem fara í gegnum Urriðafossvirkjun þrátt fyrir að vitað sé að þrýstingur við 41 meters fall niður aðrennslisstokk véla drepur fiskinn, ekki vélarnar. Þar kynnti hann einnig áform Landsvirkjunar um uppkaup á veiðirétti einstakra jarða við Þjórsá. Það er ólöglegt og fordæmir Veiðifélag Þjórsár slíkar fyrirætlanir opinbers fyrirtækis.

Við Hvammsvirkjun hefur enn ekki verið komið með neina lausn á hvernig á að koma seiðum fram hjá stíflu Hagalóns. Í öllum lónunum gerir Landsvirkjun ráð fyrir útskolun eða dælingu sets, hvergi hefur komið fram í gögnum framkvæmdaraðila hver áhrif slíkra framkvæmda verða á seiði eða göngu laxfiska og á hvaða tíma árs slíkar framkvæmdir munu verða unnar. Ekki hefur verið útfærð sú

hugsun hvernig á að veita vatni árinna á þeim tíma sem rennsli hennar verður minnst því allsstaðar er Þjórsá í miklum farvegi nú. 10 m<sup>3</sup>/sek mun varla sjást í margra tuga metra breiðum farveginum sem flytur allt að 2000 m<sup>3</sup>/sek. Kálfá rennur núna í farveginn þar sem hann er mjög breiður og er vandséð hvernig laxinn, á að finna leið upp í Kálfá eftir að búið verður að taka vatn Þjórsár í Holtavirkjun. Áralöng vinna veiðifélags Kálfár er sett í óvissu, einnig er Kálfá þýðingarmikil uppeldisá fyrir vatnasvæði Þjórsár sem ekki má ógna undir neinum tilfellum.

Það hlýtur að vera eðlileg krafa Veiðifélags Þjórsár að samningur verði gerður milli veiðifélagsins og Landsvirkjunar um hlutlausa úttekt á öllu vistkerfi Þjórsár á kostnað Landsvirkjunar. Fá þarf hlutlausa vísindamenn til að fara yfir hugmyndir Landsvirkjunar um lausnir varðandi göngu fiska upp ána og niðurgöngu laxfiska og seiða. Þetta þarf að gera af hlutlausum aðila öðrum en Veiðimálastofnun sem vann skýrslu vegna umhverfismats

árinna fyrir Landsvirkjun ásamt rannsóknun eftir forskrift Landsvirkjunar. Veiðimálastofnun var samningsbundin Landsvirkjun og þáði þaðan greiðslur fyrir störf sín og var þess vegna bundin af því sem framkvæmdaraðili lagði til.

Síðan umhverfismatið var framkvæmt á árunum 2001 og 2002 hefur laxgengd stóraukist og hryggningarstöðvar og búsvæði vaxið. Veiði í Þjórsá hefur aukist jafnt og þétt og var yfir 9000 laxar árið 2010 sem er um 17% af veiddum laxi á Íslandi. Þetta hefur hvergi komið fram í skýrslum Landsvirkjunar, en skiftir miklu máli fyrir eigendur veiðiréttar og varðandi vöxt laxastofnsins í Þjórsá sem og í Atlantshafi.

Vitað er að virkjanir og stíflur eru afdrifaríkar fyrir fiskgengd í ám, bæði lax og sjógöngustofna. Virkjanir hafa áhrif á vatnafar, búsvæði og göngur laxfiska og því hafa menn áhyggjur af fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá sem sem hefðu í för með sér grundvallarbreytingar á lífskerfi fiskanna. Seiðaveitur er dýr mannvirki sem minnka arðsemi virkjana mikið um leið og virkni þeirra er í flestum tilfellum takmörkuð með tilheyrandi hruni fiskstofna. Ef af framkvæmdum verður, er mikilvægt að veiðifélagið og Landsvirkjun hafi með sér náið samstarf og að framkvæmdirnar hindri ekki göngu fiska upp eða niður ána á meðan framkvæmdir standa því eðlilega verður mikið rask á meðan framkvæmdir standa yfir. Að loknum framkvæmdum verður þörf á að Þjórsá verði vöktuð og að rannsóknir verði framkvæmdar í samráði við veiðifélagið og þar engu sparað til og að Landsvirkjun kosti að öllu leiti.

Sérstaða laxastofnsins í Þjórsá er einstakur en hann er stærsti einstaki laxastofn í norður Atlantshafinu. Þessum stofni er nú ógnað af mannavöldum og er það okkar í stjórn veiðifélags Þjórsár að verja hann og benda á þær hættur sem að honum steðja. Það eru miklir hagsmunir margra ( um 160 jarða) að þessu mikilvæga svæði verði forðað frá því að verði hugsunarleysi að bráð. Það er okkar krafa að fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði settar í biðflokk í tillögu að Rammaáætlun og að allar rannsóknir verði endurskoðaðar af hlutlausum aðila í nánú samstarfi við stjórn veiðifélag Þjórsá. Stjórn veiðifélags Þjórsár er tilbúið að svara öllum þeim spurningum sem upp geta komið í sambandi við veiðimál í Þjórsá. Þess er krafist að áform um virkjun neðri hluta Þjórsár verði færð úr nýtingaflokki í biðflokk. Í framhaldi af því verði unnið vísindalega að rannsóknun og hönnun mótvægisáðgerða sem hægt verður að sýna fram á að virki áður en framkvæmdir hefjast.

Gjört á Stöðulfelli 9. Nóvember 2011.

Fyrir hönd Veiðifélags Þjórsár,

Oddur Guðni Bjarnason

form. Veiðielags Þjórsár

## Fylgiskjal 5.

### ***Umsögn Veiðifélags Þjórsár um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.***

*Tilvitnanir úr tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.*

*Í þriðja kafla tillögu til þingsályktunar segir:*

#### *3.10 Lokafrágangur þingsályktunartillögu.*

Eftir að umsagnarferli lauk 12. nóvember 2011 voru teknar saman greinargerðir um umsagnir sem bárust og afstaða tekin til þeirra. Auk lagfæringa á texta tillögunnar og uppsetningu voru gerðar nokkrar efnisbreytingar. Tveir virkjanakostir, Eyjadalsárvirkjun (11) og Hveravellir (83), voru felldir út þar sem í ljós kom að þeir féllu utan gildissviðs laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þá voru sex virkjanakostir, Urriðafossvirkjun (31), Holtavirkjun (30), Hvammsvirkjun (29), Skrokkölduvirkjun (26), Hágönguvirkjun 1 (91) og Hágönguvirkjun 2 (104), fluttir úr nýtingarflokk í biðflokk þar sem nauðsynlegt er talið að kanna nánar einstaka áhrifaþætti þessara virkjunarkosta. Varúðarsjónarmið búa þar að baki, en um frekari rökstuðning fyrir þessum breytingum vísast til kafla 5.1 og 5.2 í athugasemdum við þingsályktunartillöguna.

*Í kafla 5.1. biðflokkur segir:*



*Þjórsá 31 Urriðafossvirkjun Rökstuðningur:*

Urriðafossvirkjun (31) var raðað í orkunýtingarflokk í þeim drögum sem send voru til umsagnar 19. ágúst 2011. Í skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar er tilgreint að Urriðafossvirkjun hefur áhrif á stærstu laxveiðistofna landsins með um 10% af náttúrulegri laxveiði á Íslandi. Um 95% aflans er veiddur í net. Í umsögn frá NASF (Verndarsjóður villtra laxastofna) er á það bent að gæði þeirra gagna sem verkefnisstjórn hafði til hliðsjónar séu ekki fullnægjandi og að umhverfismat vegna virkjunarkostsins sé átta ára gamalt. Óhjákvæmilegt sé því að fram fari nýtt heildarmat á umhverfisáhrifum og niðurstaða fengin sem sýni hver áhrif framkvæmdarinnar verði á laxfiska í ánni. Í umsögninni er að finna ýmsar nýjar upplýsingar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska í ánni, m.a. um seiðaveitur. Mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar er frá 19. ágúst 2003 og rennur það úr gildi 19. ágúst 2013, þ.e. verði framkvæmdir ekki hafnar innan þess tíma. Þar sem ekki stendur til að sækja um eða gefa út virkjunarleyfi fyrir ágúst 2013 er ljóst að nýtt mat á umhverfisáhrifum mun verða unnið vegna virkjunarkostsins. Við það mat munu allar nýjar upplýsingar um áhrif á laxfiska verða teknar með í reikninginn, þ.e. nýtt heildarmat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Urriðafossvirkjun muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkosturinn verði flokkaður í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdin geti haft á laxfiska í ánni.

Með hliðsjón af þeim rannsóknum leggur verkefnisstjórn til flokkun virkjunarkostsins að nýju í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

*Þjórsá 29 Hvammsvirkjun Rökstuðningur:* Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) var raðað í orkunýtingarflokk í þeim drögum sem send voru til umsagnar 19. ágúst 2011. Í innsendum umsögnum vegna Hvammsvirkjunar (29) og Holtavirkjunar (30) kemur fram að áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá séu talin óljós og þarfnist frekari rannsókna við, sbr. umfjöllun um Urriðafossvirkjun (31) hér að framan. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á laxfiska í ánni. Með hliðsjón af þeim rannsóknum leggur verkefnisstjórn til flokkun virkjunarkostanna að nýju í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

*Þjórsá 30 Holtavirkjun Rökstuðningur:* Vísað er til rökstuðnings við Hvammsvirkjun (29).

*Tilvitnunun líkur.*

*Veiðifélag Þjórsár tekur undir með verkefnisstjórn.*

*Mikið vantar á að næg vitneskja sé til um lífríki Þjórsár. Rannsóknir starfsmanna Veiðimálastofnunar fyrir Landsvirkjun eru hvergi nærri fullnægjandi.*

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á lífríki Þjórsár í þeim tilgangi að meta áhrif virkjana eru eftirtaldar:

1. Rannsókn 2001 vegna umhverfismats .
2. Rannsókn árána 2003-2007 tekin saman í einni skýrslu VMST 08020.
3. 2008 rannsókn á vatnasvæði Þjórsár.
4. 2009 rannsókn á vatnasvæði Þjórsár.
5. 2010 rannsókn á vatnasvæði Þjórsár.
6. 2011, skýrsla sem Veiðimálastofnun er að vinna að.

Alls 6 skýrslur að umhverfismatsskýrslunni meðtalinni um rannsóknir í Þjórsá vegna undirbúnings fyrir virkjun Þjórsár neðan Búrfells.

Aðrar rannsóknir snúast að mestu um svæðið fyrir ofan fossinn Búða, fyrst undirbúningsrannsóknir fyrir fiskstigan og svo árangur af stiganum, athugun á seiðaástandi, landnám fiska o.þ.h.

2001 hefjast rannsóknir á þeim hluta áránnar sem í almennu tali er kölluð neðri Þjórsá.

Rannsóknir á lífríki fljóts eins og Þjórsár eru langtíma verkefni. Rannsóknir eins og þær sem unnar hafa verið eru í raun aðeins frumrannsóknir og skráning lífríkis áránnar yfir þetta stutta tímabil.

Þrátt fyrir rannsóknir frá 2001 með það að markmiði að kanna lífríki árinna, vita vísindamenn hjá Veiðimálastofnun ekki en hve stórir fiskstofnar Þjórsár eru.

Á þjórsá.is , sem er síða sem Landsvirkjun heldur úti segir:

*Rannsóknir á fiskistofnum í Þjórsá 01.03.2012. Líta má á gerð laxastigans við Búðafoss árið 1991 sem snemmbúna mótvægisáðgerð gegn skerðingu á búsvæðum vegna fyrirhugaðra virkjana í neðri hluta Þórsár.*

Hið rétta er að laxastiginn við Búða var gerður af Fiskræktarsjóði og Landsvirkjun sem endurgjald fyrir þann skaða sem bændur urðu fyrir vegna breytinga á Þjórsá þegar virkjað var við Búrfell og þar fyrir ofan á árunum eftir 1960.

*Verulega mun draga úr veiðiálagi verði stórfelldri netaveiði að mestu hætt. Sú breyting hefur jákvæð áhrif á laxastofna og eykur möguleika til stangveiða.*

Þetta er staðfesting þess hve hæpin framkvæmdin er. Landsvirkjun hyggst kaupa upp netalagnir hjá bændum sem búa neðan við Urriðafossvirkjun. Hér er verið að minnka veiðiálag á þann fisk sem eftir verður í ánni. Það er gert með misnotkun á almannafé uppá marga tugi milljóna til uppkaupa neta. Kaup á veiðirétti eru auk þess ólögleg.

Í síðdegisúttvarpi RUV 9.janúar 2012 er viðtal við Hörð Arnarson forstjóra Landsvirkjunar. Þar fullyrðir hann að með bættri hönnun og nýrri gerð véla í Urriðafossvirkjun muni seiði lifa af ferð í gegnum virkjunina.

Í umhverfismatskýrslu Urriðafossvirkjunar bls. 8, kafli 1.5.5.1 segir “ Í tillögu að matsáætlun var lagt til að skoðuð yrðu áhrif mismunandi hverfla á niðurgöngufisk. Þau áhrif eru í sjálfu sér þekkt, en frekari skoðun á aðstæðum við fyrirhugaða Urriðafossvirkjun leiddi í ljós að gerð hverfla skiptir í þessu tilviki litlu máli hvað niðurgöngufisk varðar. Ástæða þess er sú að við þá fallhæð sem hér er verið að nýta, má búast við miklum afföllum vegna þrýstingsbreytinga og því hefur öll áhersla verið lögð á að seiði og eftir atvikum annar niðurgöngufiskur, fari framhjá virkjun og ekki í gegn um vélar hennar.

Það er fallhæðin sem drepur fiskinn, ekki vélarnar.

Svo virðist sem forsvarsmenn Landsvirkjunar haldi að fyrirtækinu leyfist að þverbrjóta lög og reglugerðir. Treysti a.m.k. á að fá undanþágur frá lax- og silungsveiðilögum - afslátt ekki bara af lífríkinu heldur einnig af ákvæðum um meðferð og nýtingu vatnsfalla, vatnalaga, laga um stjórn vatnamála, náttúruverndarlaga, alþjóðasamninga um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningsins.

Verði virkjunarhugmyndir í Þjórsá ekki slegnar af strax ber að láta fara fram ítarlega úttekt á öllum helstu umhverfisþáttum á virkjunarsvæðinu - gerða af óháðum sérfræðingum. Til þessa

dags hefur Landsvirkjun ekki lagt fram raunhæfar áætlanir um gönguleiðir laxfiska um eða framhjá stíflumannvirkjunum en telur sig vera að vinna að tilraunum þar að lútandi. Allar tillögur Landsvirkjunar skulu metnar af óháðum þar til bærum sérfræðingum með reynslu af fiskvegagerð í kringum virkjanir.

Að öðru leiti vísast til athugasemda Veiðifélags Þjórsár 10 nóvember sl. við drög að rammaáætlun.

Stöðulfelli 2. maí, 2012.

F.h. stjórnar Veiðifélags Þjórsár

Oddur Bjarnason formaður.

## Fylgiskjal 6

Stöðulfelli 26. september 2012

### Efni: Ráðgjafarnefnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 59/2006 um Veiðimálastofnun.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur falið mér að rita yður bréf þetta. Þannig er að allt frá gildistöku laga nr. 59/2006 um Veiðimálastofnun 1. júlí 2006 hefur því ekki verið sinnt af hálfu landbúnaðarráðherra að skipa ráðgjafarnefnd sem vera skal forstjóra Veiðimálastofnunar til ráðuneytis, eins og skylt er samkvæmt 3. gr. laganna. Í ákvæðinu er um það fjallað hvernig tilnefningum í nefndina skal háttað og kemur þar fram að í henni skuli sitja menn tilnefndir af Bændasamtökum Íslands, Landssambandi fiskeldisstöðva, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi veiðifélaga og frá menntastofnunum landbúnaðarins.

Í frumvarpi því er varð að umræddum lögum segir að ráðgjafarnefnd þessari skuli komið á fót „í stað þess að stjórn sé yfir stofnuninni“. Tilgangurinn með tilvist nefndarinnar er, samkvæmt frumvarpinu, að halda með þessu fyrirkomulagi „góðum tengslum við hagsmunaaðila þá sem stofnunin starfar með“. Ennfremur séu með þessu fyrirkomulagi mynduð sterkari tengsl við menntastofnanir landsins.

Í 4. gr. laganna er fjallað um hlutverk Veiðimálastofnunar og þar talin upp 12 tólf atriði. Verkefnin lúta einkum að rannsóknum ýmis konar, ráðgjöf, leiðbeiningum og veitingu umsagna. Þá er á fjölmörgum stöðum í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði kveðið á um að stofnunin veiti umsögn um ýmis atriði er undir þau lög heyra. Ennfremur hefur stofnunin ráðgjafarhlutverk samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og veitir umsagnir samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 58/2006 um fiskrækt og lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum. Þá er þekkt að Veiðimálastofnun hefur á undanförunum misserum gert ýmis konar samkomulög við aðra aðila, t.d. Landsvirkjun.

Ótvírætt er að sú staðreynd að framangreind ráðgjafarnefnd hefur ekki verið starfrækt veikir umtalsvert vægi þeirra umsagna sem Veiðimálastofnun hefur veitt, þeirrar ráðgjafar og leiðbeininga sem hún hefur haft með höndum og loks þeirra samkomulaga sem hún hefur gert. Verður þá að meta í hvert og eitt sinn hvaða lagalegu afleiðingar skortur á aðkomu ráðgjafarnefndar að starfi forstjóra hefur, en tekið skal fram að allur réttur er áskilinn af hálfu veiðifélagsins í því sambandi. Þannig mun veiðifélagið ekki hika við að bera brigður á gildi umsagna, ráðgjafar, leiðbeininga, samkomulaga o.fl. sem Veiðimálastofnun hefur komið að eða gert frá gildistöku laga nr. 59/2006 ef félagið telur að viðkomandi stjórnarathöfn vegi með einhverjum hætti að hagsmunum félagsins og/eða einstakra félagsmanna, og þá með vísan til þess að umrædd ráðgjafarnefnd hefur ekki verið starfrækt þrátt fyrir lagaskyldu þar að lútandi.

Með vísan til framangreinds er skorað á yður, virðulegi umhverfisráðherra, að bæta nú þegar úr þeim annmarka á stjórnsýsluframkvæmd sem lýsir sér í því að landbúnaðarráðherra hafi ekki, nú í rúm 6 ár, skipað ráðgjafarnefnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 59/2006 um Veiðimálastofnun. Af hálfu veiðifélagsins er, sem áður segir, allur réttur áskilinn vegna þessa.

Undirritaður væntir skriflegra viðbragða við erindi þessu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Veiðifélags Þjórsár,

Oddur Bjarnason  
formaður

---